

Nokkur orð um sumar fjárveitingar til eflingar íslenzkri þjóðmenningu.

I.

Sú var tiðin, að ekkert var um það hirt, þó að þeir lifðu við mjög aumlegar ástæður, sem tilhneiting höfðu og hæfileika til að gefa sig við einhverju öðru en hinum vanalegu atvinnuvegum, og þó því, sem ekki mátti liggja, ef um menningarlif á að geta verið að ræða. Fyrstu málarnir máttu vist heita nokkurskonar píslarvottar, og eins skemmtilegur skáldsnillingur og Sigurður Breiðfjörð, lá banaleguna í úthýsi og við svo litilfjörlega aðhlunningu, að nú á dögum inundi slikt vera talið óverandi, þó að ekki ætti i hlutmaður heldur skepna.

Seinna varð nú að visu nokkur breyting á þessu til þatnaðar, en þó ekki meiri en svo, að það var aðeins með eftirgangsmunum, sem tókst að fá Alþingi til að veita eins ljómandi snillingi og Þorsteinn Erlingsson var, 600(!) kr. skáldalaunum.

II.

Nú eru í þessum efnum orðin mikil umskipti. Nú getur t. d. málari haft milljónaratekjur, og skáld verið svo vel stæð, að þau vilji ekki líta við 4000 kr. heiðurslaunum úr rikissjóði, telji sér smán en ekki heiður að svo smámunalegri fjárveitingu. Að visu virðist nú svo, sem einhverja gáfulegri aðferð nætti finna til að heiðra mikinn listamann, en þá, að veita honum einhverja lítilsháttar fjárfúlga, sem hann er alls ekki þurfandi fyrir. En þó væri þetta sök sér, ef ekki væri með slikum heiðurslaunum gengið á möguleikana til stuðnings við þá sem heinlinis þurfa fjárins með til að geta stundað list sina, a. m. kosti með minni frátöfum. En það er einmitt þetta sem á sér stað. T. d. skal nefnt, að meðal þeirra listamanna sem engan styrk hafa hlutið, er málarinn Eyjólfur Eyfells. Er þar þó um snilling að ræða, og því óvið-

III.

turkvæmilegra að honum sé engin viðurkënning sýnd, sem hann mun á þessu ári eiga afmæli slikt sem nú er orðinn mikill síður (og góður) að minnast með gjöfum og lofi. Eg ber nú að vísu ekki mikið skynbragð á málaralist, en meðal þeirra sem meira vit hafa á sliku en eg, innu þó vera þeir, sem hiklaust taka undir, þegar Eyjólfur er nefndur snillingur, og jafnvel i tölu þeirra **Ístendinga** sem t. d. bezt kúnna að mála vatn.

Víðir 1946

Annar maður sem méi bötti leitt að sjá ekki í töli þeirra sem styrk hafa hlutið er Borgfirðingurinn Þorsteinn Jónsson. Væri eg heðinn að nefna einhvern hinna ungu rithöfunda, sem mér þætti betur rita íslenzku en Þorsteinn á Úlfss töðum, þá get eg það ekki. — Og þar er það sem eg ætla ekki að fara að segja að eg hafi ekki vit á. — Er það skaði mikill, að þessi framúrskarandi gáfu maður skuli ekki hafa meiri tíma til ritstarfa og til að búa sig undir ritstörf, en er Þorsteinn virðist vera í duglegasta lagi við störf bónadans — eg varð, satt að segja, alveg hissa, þegar eg frétti hvað hann hafði heyað í fyrrasum ar, án nokkurrar hjálpar fullorðinna við heyskapinn — en því má nærri geta, að fyrir slikanmann er lítið um tíma afgangs, til að lesa og skrifa. Og óhætt er að segja, að það væri sérstaklega vel til fallið, að maður sem getur framleitt verðmæti er þýðingu hefðu fyrir íslenzka þjóðmenningu á andlega sviðinu, væri þannig studdur, að stundirnar til andlegrar iðju gætu orðið fleiri.

17. maí.

Helgi Pjeturss.